



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Íslands  
kulturarvsstyrelse

## Málshraði Minjastofnunar Íslands

### Almennt

Samkvæmt 9. gr. Stjórnsýslulaga nr. 37/1993<sup>1</sup> skal taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem unnt er. Ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast á að skýra aðila máls frá því, upplýsa um ástæður tafa og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Starfsmenn Minjastofnunar Íslands skulu miða við að svara erindum svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en 4 vikum eftir að erindi barst stofnuninni nema brýnar ástæður séu fyrir töfum. Undanskilin þessari reglu eru þau mál sem rakin eru hér að neðan og hraði afgreiðslu er ákveðinn í lögum um menningarminjar nr. 80/2012<sup>2</sup> eða öðrum lögum.

### Umsagnir um breytingar, flutning eða niðurrif húsa og mannvirkja

*Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. (1. mgr. 30. gr. laga nr. 80/2012).*

Sömu tímamörk eru á óskum um leyfi til endurbóta eða viðhalds friðlýstra húsa og mannvirkja (1. og 2. mgr. 31. gr.)

Engin tímamörk eru tiltekin í lögnum varðandi breytingar, flutning eða niðurrif á aldursfriðuðum húsum og mannvirkjum. Eðlilegt er þó að miða við sama málshraða, þ.e.a.s. erindi skuli berast með 6 vikna fyrirvara og Minjastofnun svari innan 4 vikna eftir að erindi berst.

### Niðurfelling friðlýsingar húss eða mannvirkis vegna flutnings eða niðurrifs

*Vilji eigandi friðlýsts húss eða mannvirkis rífa það eða flytja skal hann sækja um niðurfellingu friðlýsingar til Minjastofnunar Íslands áður en sótt er um byggingarleyfi hjá viðkomandi sveitarfélagi. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst senda ráðherra umsóknina með tillögum sínum um hvort umsókninni skuli hafnað, hún samþykkt eða að öðrum kosti hvort skilgreina skuli að nýju til hvaða þátta friðlýsing nær. (34. gr.)*

### Breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis eða viðhald vanrækt

*Ef breytingar hafa verið gerðar á friðlýstu húsi eða mannvirki án leyfis Minjastofnunar Íslands getur stofnunin mælt svo fyrir að eigandi skuli færa það í fyrra horf innan hæfilegs frests.*

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/alttext/stjt/1993.037.html>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/alttext/stjt/2012.080.html>



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Íslands  
kulturarvssýrelse

*Ef viðhald friðlýsts húss eða mannvirkis er vanrækt getur Minjastofnun Íslands lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Líði sá frestur án þess að úr sé bætt getur stofnunin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald og umbætur á kostnað eiganda eða lagt á dagsektir, sbr. 55. gr. (33. gr)*

Hæfilegur frestur samkvæmt þessu lagaákvæði getur verið mislangur og fer eftir umfangi verks hverju sinni.

### Umsagnir vegna framkvæmda

*Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. (2. mgr. 23. gr).*

Af þessu leiðir að Minjastofnun þarf að svara innan fjögurra vikna, en helst fyrr, enda er óheimilt að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun stofnunarinnar liggur fyrir.

### Minjar finnast óvænt við framkvæmd verks

Ef tilkynnt er um óvæntan fund minja við framkvæmd verks ber Minjastofnun að framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust (2. mgr. 24. gr.).

Ekki má halda framkvæmdum áfram fyrr en skrifleg ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir. Ákvörðunina ber að taka svo fljótt sem unnt er.

### Grunur um að fornminjar muni skaðast af framkvæmd sem þegar er hafin

Ef rökstuddur grunur er um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda er Minjastofnun heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm daga (3. mgr. 24. gr.).

### Umsókn um leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér

*Umsókn um rannsóknarleyfi, sbr. 2. mgr. 36. gr., skal hafa borist Minjastofnun Íslands minnst fjórum vikum áður en fyrirhuguð rannsókn hefst. Stofnunin skal taka afstöðu til umsóknar um rannsóknarleyfi svo fljótt sem við verður komið en eigi síðar en tveimur vikum eftir að umsókn hefur borist. Stofnunin getur krafist viðbótarupplýsinga áður en umsókn er afgreidd. (37. gr.)*

### Skyndifriðun menningarminja

*Skyndifriðun tekur gildi þegar Minjastofnun Íslands hefur tilkynnt öllum hlutaðeigandi aðilum um ákvörðun sína með tryggilegum hætti. Ákvörðun er bindandi eftir að tilkynning um hana er komin til aðila og gildir í allt að sex vikur.*

*Ráðherra ákveður hvort friðlýsa skuli viðkomandi menningarminjar áður en skyndifriðun lýkur að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. (2. og 3. mgr. 20. gr.)*



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Íslands  
kulturarvsstyrelse

## Rökstuðningur ákvörðunar

Ef rökstuðningur ákvörðunar fylgir ekki með tilkynningu um ákvörðun, getur aðili máls óskað eftir slíkum rökstuðningi. Beiðni um rökstuðning verður að bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og stjórnvaldi ber að svara henni innan 14 daga frá því að hún berst.<sup>3</sup>

Samkvæmt stjórnarsýslulögum þarf ekki að rökstyðja ákvörðun ef:

1. *umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,*
2. *[...]*
3. *um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.*<sup>4</sup>

## Beiðni um aðgang að gögnum á grundvelli upplýsingalaga

Ef beiðið er um aðgang að öllum gögnum tiltekins máls á grundvelli upplýsingalaga (lög nr. 140/2012) þarf að taka ákvörðun um hvort verða eigi við beiðninni svo fljótt sem unnt er. Ef ekki er búið að ákveða hvort gögnin verði afhent innan sjö daga frá móttöku beiðni þarf að senda erindi til aðila og útskýra af hverju tafir hafi orðið og hvenær búast megi við ákvörðun. Frestur vegna afgreiðslu á beiðni er 20 dagar.<sup>5</sup>

Tegund máls	Skal berast Minjastofnun	Ákvörðun/svar Minjastofnunar
Almennt		Innan 4 vikna frá því erindi berst
Umsagnir um breytingar á húsum	6 vikum fyrir áætlaða framkvæmd	Innan 4 vikna frá því erindi berst
Umsagnir um flutning húsa	6 vikum fyrir áætlaða framkvæmd	Innan 4 vikna frá því erindi berst
Umsagnir um niðurrif húsa	6 vikum fyrir áætlaða framkvæmd	Innan 4 vikna frá því erindi berst
Ósk um leyfi til endurbóta eða viðhalds húsa	6 vikum fyrir áætlaða framkvæmd	Innan 4 vikna frá því erindi berst
Leyfi til fornleifarannsókna	4 vikum áður en rannsókn hefst	Innan 2 vikna frá því erindi berst
Umsagnir vegna framkvæmda	4 vikum fyrir áætlaða framkvæmd	Innan 4 vikna frá því erindi berst
Ósk um rökstuðning ákvörðunar	In 14 daga frá tilkynningu ákvörðunar	Innan 14 daga frá því erindi berst

<sup>3</sup> 21. gr. stjórnarsýslulaga <https://www.althingi.is/alttext/stjt/1993.037.html>

<sup>4</sup> 21. gr. stjórnarsýslulaga <https://www.althingi.is/alttext/stjt/1993.037.html>

<sup>5</sup> 17. gr. upplýsingalaga <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012140.html>